

Fréttabréf



Apríl 2019 - Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík - Stofnað 3. febrúar 1867

Heiðursiðnaðarmenn IMFR 2019

Heiðursiðnaðarmenn IMFR 2019 voru húsganasmiðameistararnir Geir Oddgeirsson og Guðmundur Ó. Eggertsson.



Halldór Þórður Haraldsson, formaður IMFR, Hjörtur Guðnason, varaformaður IMFR, Geir Oddgeirsson, heiðursiðnaðarmaður, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Guðmundur Ó. Eggertsson, heiðursiðnaðarmaður og Lilja Sæmundsdóttir, viðburðanefnd IMFR.

Aðalfundur 2019

Aðalfundur Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík verður haldinn í baðstofu félagsins, Lækjargötu 14 a, miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 20.00.

Dagsskrá

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.
Ítarleg dagskrá mun liggja fyrir á fundinum.

Óski félagsmenn IMFR þess að kynna sér reikninga félagsins fyrir aðalfundinn, munu þeir liggja frammi í aðstöðu félagsins Súðarvogi 7, milli kl. 17.15 og 19.00 mánudaginn 6. maí.

Ávarp formanns

Kæru félagar í Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík.

Rétt um ár er nú liðið frá því ég tók við sem nýr formaður félagsins á aðalfundi þess.

Lítið grunaði mig hvað biði mín í leik og starfi. Hafði vissulega verið varaður við að um mikla vinnu gæti verið að ræða. Ég var hins vegar svo lánsamur að fá með mér öndvegisfólk í stjórn, varastjórn og nefndir sem gert hefur starf mitt léttara og afskaplega ánægjulegt um leið. Lífsglatt og ósérhlífið fólk sem vinnur félaginu af heilum hug.

Hveitibrauðsdagar núverandi stjórnar eru nú liðnir en þann tíma hefur hún tekist á við margvísleg mál.

Má þar nefna þátttöku í þingi handverksfélaganna á norðurlöndum í júní, sem að þessu sinni var haldið í fyrsta sinn í Færeyjum, Galakvöldverð Hótel- og matvælskóla MK, en þar buðu útskriftarnemar í framreiðslu og matreiðslu upp á frábærlega framsettan kvöldverð. Möttöku og kynningu í Súðarvogi vegna nýsveinahátíðar 2019. Þátttöku formanns í afmælisfagnaði danska iðnaðarmannafélagsins. Vel sóttan jólafundur í Vonarstræti þar sem nýir félagar voru boðnir velkomnir og Þórarinn Eldjárn, rithöfundur, las upp úr bókum sínum.

Hápunktur starfsins var síðan 13. nýsveinahátíð félagsins sem að venju var haldin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur laugardaginn 9. febrúar.

Að þessu sinni var 22 nemum veitt silfur eða brons fyrir framúrskarandi árangur í iðnnámi sínu auk þess sem 14 nemar fengu styrk frá ýmsum styrktaraðilum til framhaldsnáms.

Tveir iðnaðarmenn voru gerðir að heiðursiðnaðarmönnum félagsins, fyrir störf sín í þágu iðnaðar á Íslandi, húsgagnasmíðameistararnir Guðmundur Ó. Eggertsson og Geir Oddgeirsson. Verndari hátíðarinnar, hr. forseti Guðni Th. Jóhannesson, heiðraði okkur með nærveru sinni og ávarpaði nema og gesti en auk hans tóku til máls fr. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, fr. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra og fr. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs.

Voices Masculorum og Jökull Sindri Gunnarsson sungu fyrir



hátíðargesti af mikilli raust. Í lok hátíðarinnar var síðan boðið upp á léttar veitingar.

Var það mál manna að vel hefði tekist til en ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim fjölmörgu sem styrktu okkur í viðleitni félagsins til að gera hana sem glæsilegasta og minnisstæðasta.

Framundan eru mörg spennandi verkefni sem félagið hyggst takast á við. Má þar m.a. nefna fjölgun félaga, skoðun á húsnæði félagsins í Súðarvogi til framtíðar, félagaheimsóknir til fyrirtækja auk annarra skyldustarfa.

Tilgangur félagsins er ljós þ.e. að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu. Með þennan tilgang að leiðarljósi munu stjórn félagsins, og nefndir þess, leggja á sig vinnu til að styrkja þessi tengsl og skyldur.

Að endingu vil ég nota þetta tækifæri til að þakka af heilum hug öllu því góða fólki sem komið hefur að verkefnum félagsins umliðið ár og þeirra óeigingjörnu vinnu til handa félaginu. Á slíkt ber ekki líta sem sjálfsögðum hlut í þjóðfélagi sem krefst sífellt meira af hverjum einstaklingi og það á sama tíma og þjóðfélagsmynstur er að breytast af meiri hraða en nokkru sinni með enn einni iðnbyltingunni framundan. Hlutverk okkar sem standa í félagsstörfum hlýtur öðrum þæði að snúast um velferð og líðan samborgara sinna.

Halldór Þórður Haraldsson, formaður IMFR.



Ávarp iðnaðaráðherra

„Verkið lofar meistarann.“ Þetta góðkunna orðtak var letrað í baðstofu iðnaðarmanna sem innréttuð var í gamla iðnskólanum árið 1926. Orðin lýsa vel fegurðinni sem felst í starfi iðnaðarmannsins. Að skilja eftir sig einhvers konar handbragð, einhvers konar verk, sem er vitnisburður um kunnáttu og færni, og þá alúð sem lögð var í vinnuna.

Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur stendur á traustum grunni með rætur í sögu Reykjavíkur. Félagið var stofnað í Reykjavík þann 3. febrúar árið 1867 og voru stofnendur þess 31 framsýnir reykvískir iðnaðarmenn. Um miðja nítjándu öldina þurfti áræði og frumkvæði til þess að vinna að hagsmunamálum íslenskra iðnaðarmanna og að framþróun iðngreina á Íslandi. Stofnun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur var mikilvæg varða á þeirri leið.

Í dag, rúmum 150 árum síðar, höfum við farið í gegnum nokkrar iðnbyltingar og búum að mörgu leyti í öðrum heimi en þá, að minnsta kosti þegar kemur að iðn- og verkgreinum. Þrátt fyrir allar tækniframfarir má þó segja að þau standi óbreytt gildin frá 1867 sem lögðu grunninn að stofnun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur. Mikilvægi góðrar iðnmenntunar hefur sjaldan verið meira en einmitt í dag, til að mæta uppgangi og vexti á svo til öllum sviðum þjóðlífsins.

Á glæsilegu Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem fram fór í Laugardalshöll 14. - 16. mars síðastliðinn var keppt í 28 iðn- og verkgreinum. Allar þessar greinar eiga það sameiginlegt að í þeim erum við að sjá nýsköpun í ýmsum ólíkum myndum. Hvort sem það er í bakaraíðn, bifreiðasmíði, hönnun vökvakerfa, fataíðn, málsuðu, grafískri miðlun, kælitalækni, svo nokkur dæmi séu tekin.

Að efla og styðja nýsköpun á öllum sviðum daglegs lífs er forsenda

þess að við tökum þátt í fjórðu iðnbyltingunni. Fjölbreytt og öflug menntun á sviði iðn- og verkgreina skiptir hér sköpum sem og samtök til að gæta hagsmuna og stuðla að framþróun iðngreina. Það er engum blöðum um það að fletta að á Íslandi leggja of fáir fyrir sig nám í iðngreinum. Fyrir því eru ýmsar ástæður en afleiðingin er skortur á fólki í flestum greinum. Það er því ljóst að mikilvægi Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur er ekki minna í dag en fyrir rúmum 150 árum síðan. Okkar sameiginlega markmið er að efla áfram menningu og menntun iðnaðarmanna og að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna.

Pórdís Kolbrún R. Gylfadóttir



Ávarp nýsveinsins Sigrúnar Bryndísar Gylfadóttur

Árið 2014 laukég sveinsprófi í snyrtifræði og fékk síðan silfurverðlaun fyrir afbragðs árangur á sveinsprófinu á nýsveinahátíðinni 2015. Einnig fékk ég styrk frá Háskólanum í Reykjavík sem hljóðaði upp á eina önn fría við skólann.

Þessi styrkur var mikil hvatning fyrir mig til þess að halda áfram að mennta mig og fór ég í rekstrarverkfræði við Háskólann í Reykjavík og er núna að ljúka meistaranámi í rekstrarverkfræði.

Iðnmenntun er mjög góð undirstaða fyrir allt háskólanám. Nemendur geta búið sér til mikið samkeppnisforskot þegar þeir bæta háskólanámi við iðnmenntun sína t.d. í rekstrar- eða stjórnunarstöðum. Ef ég tek dæmi um smíð sem fer í háskólanám eins og t.d. viðskiptafræði, stjórnun, iðnfræði eða verkfræði, þá hefur hann skapað sér mikið samkeppnisforskot sem t.d. verkefnastjóri yfir byggingarverkefni fram yfir verkefnastjóra sem hefur ekki grunn í iðngreininni. Það sama á við um snyrtifræðinginn.

Sérþekking mín að öllu sem snýr að iðnáminu eins og þekking á snyrtivörum, nákvæmni og fagleg vinnubrögð ásamt tækjum og tólum úr verkfræðinni hefur nýst mér einstaklega vel til þess að leysa verkefni, bæði í námi og starfi. Samhliða náminu hef ég verið að

starfa í fyrirtæki sem rekur snyrtistofu ásamt því að vera heildverslun sem selur snyrtivöru. Þar hefur það nýst mér vel að hafa grunn úr snyrtifræði ásamt því að nýta þekkingu mína úr rekstrarverkfræðinni til þess að þróa rekstrarumbætur.

Ég hvet alla nýsveina til þess að skoða möguleikana á áframhaldandi námi. Ég veit að allar leiðir eru opnar eftir iðnám og háskólamenntaðir einstaklingar sem hafa grunn í iðngreinum eru afar eftirsóttir í atvinnulífinu.



Íslandsmót iðn- og verkgreina 2019

Íslandsmót iðn- og verkgreina – Mín framtíð – var haldið 14. – 16. mars s.l. Fræðsluaðilar kynntu fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi ásamt keppni á Íslandsmóti iðn- og verkgreina. Boðið var upp á ýmsa viðburði, kynningar og ekki síst að prófa, fíkta, snerta og smakka.

33 framhaldsskólar alls staðar af landinu kynntu fjölbreytt námsframboð sitt. Nemendur, kennarar og náms- og starfsráðgjafar svöruðu spurningum um námsframboð, félagslíf, inntökuskilyrði og annað sem gestir vilja vita um nám og störf.

30 iðn-, verk- og tæknigreinar tóku þátt í Mín framtíð 2019. Flestar greinarnar voru með keppendur á Íslandsmóti iðn- og verkgreina. Ungu fólkið sýndi rétt handbrögd og tækni sinnar greinar um leið og það tókst á við krefjandi verkefni og spennuna sem fylgir því að keppa. Sigurvegarar fá margir hverjir tækifæri til að keppa í EuroSkills að ári.

Einnig voru á svæðinu: BMX BRÓS, FabLab Reykjavík, Fagkonur, Félag náms- og starfsráðgjafa, Iðan fræðslusetur, Heimavist MA og VMA, Iðnú, Kvasir- samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Rafmennt, Rannís, Samband Íslenskra framhaldsskólanema, Team Spark og Verksmiðjan RÚV.

Það var mikið líf og fjör í Laugardalshöllinni þessa þrjá daga þar sem um 7000 grunnskólanemendur alls staðar af landinu komu fyrstu tvo dagana til að skoða, prófa og fræðast.

Laugardagurinn var fjölskyldudagur. Fjölskyldur eru sérstaklega velkomnar til að koma og fræðast, upplifa og skemmta sér.

Hjörtur Guðnason, varaformaður sat í framkvæmdastjórn keppinnar fyrir hönd félagsins en hann hefur verið viðloðinn keppnina frá því að hún byrjaði fyrir 10 árum síðan. IMFR styrkir keppnina með fjárframlagi.



Aðventufundur



Laugardaginn 17. desember sl. fór aðventufundur iðnaðarmannafélagsins fram í Baðstofu félagsins að Vonarstræti.

Fundurinn var ágætlega sóttur en af þessu tilefni voru sex nýir félagar boðnir velkomin í félagið, úr ýmsum iðngreinum, en þau eru:

Friðrik Haraldsson, rafeindavirkjun

Guðbjörg Helgadóttir, snyrtifræði

Jóhanna Stefnisdóttir, hársnyrtiið

Jón Ólafur Halldórsson, rafvirkjun

Pálmi Gíslason, rafvirkjun

Sigurður Ingvar Hannesson, pípulagningar

Sannarlega glæsilegur hópur nýrra félaga.

Þórarinn Eldjárn, rithöfundur og skáld, las fyrir fundarmenn úr nokkrum ljóðabóka sinna m.a. Vammfirringu.

Snæddur var ljúffengur málsverður frá LaugaÁs með jólalegu ívafi.

Happdrætti, með fjölda góðra vinninga var haldið.

Var gerður góður rómur að og lauk fundinum um kl. 14.30.



Nýsveinahátíð 2019

Eins og fram kemur í ávarpi formanns hér að framan fór vegleg nýsveinahátíð félagsins fram þann 9. febrúar 2019.

Fyrir utan þátttöku góðra ræðumanna, nýsveina, gesta, starfsmanna Ráðhússins og annarra sem að komu væri svona hátíð ill framkvæmanleg án neðangreindra styrktaraðila sem við kunnum öllum bestu þakkar fyrir stuðninginn, en þeir voru:

A. Smith, Alcoa Fjarðaál, Bananar, Bílgreinasambandið, Bláa lónið, DFK endurskoðun, Grænn markaður, Fastus, Háskólinn í Reykjavík, Hótel- og matvælskólinn MK, Icelandair hotels, Ísafoldarprentsmiðja, Íslensk verðbréf, JÁ-verk, Menntaskólinn í Kópavogi, Mjólkursamsalan, Núi-Síríus, RioTinto, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Tækniskólinn, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Ölgerðin o.fl.





Gala-kvöldverður hjá MH

Félagsmönnum var boðið til Gala-kvöldverðar í hótél- og matvælskólanum MK þann 1. nóvember sl.

Eins og þeir vita sem þátt hafa tekið í slíkum atburði þá er hér um verkefni útskriftarnemenda í framreiðslu og matreiðslu á loka önn.

Umgjörð er öll hin glæsilegasta þar sem boðið er upp á margréttaða málsverði og vín á glæsilega uppröðuðum borðum.

Ekki spillir fyrir hvernig veitingar er síðan fram bornar og kynntar eftir kúnstarinnar reglum.

Takmarkaður miðafjöldi er í boði hverju sinni og komast því færri að en vilja en félagsmenn eru hvattir til að taka þátt næst þegar tækifæri gefst.

Við þetta tækifæri færði félagið báðum geirum skólans veglegar gjafir til styrktar starfi hans og góðum verkum, sem sannarlega hefur reynt á í aukinni ferðamennsku og flóru veitingastaða undanfarin misseri.



Stjórn og viðburðanefnd IMFR

Fremri röð: Jón Svavarsson, ritari, Böðvar Páll Ásgeirsson, gjaldkeri, Halldór Þórður Haraldsson, formaður, Trausti Víglundsson, vararitari, Ana Marta Lage, viðburðanefnd.

Aftari röð: Baldur Sæmundsson, varamaður í stjórn, Hjörtur Guðnason, varaformaður, Pétur Haraldsson, varamaður í stjórn, Bárður Guðlaugsson, viðburðanefnd, Guðbjörg Helgadóttir, Lilja Sæmundsdóttir, viðburðanefnd, Katrín Þorkelsdóttir, viðburðanefnd.

